



Framkvæmda- fréttir

9. tbl. /05



Kringlumýrarbraut - Miklabraut,
breikkun gatnamóta

Auglýsingar útboða

Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði

2005 – 2006 05-016

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í festun vega með froðubiki eða bikþeytu og lögn tvöfaldrar klæðingar á Norðvestursvæði á árunum 2005 og 2006. Um er að ræða alls 53,6 km á 25 vegarköflum.

Helstu magntölur eru:

Festun með froðubiki eða bikþeytu

Árið 2005 186.000 m²

Árið 2006 176.000 m²

Tvöföld klæðing

Árið 2005 183.000 m²

Árið 2006 174.000 m²

Verklok verkhluta eru 1. september hvort ár.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarsíðu 8 á Sauðárkróki, Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 18. apríl 2005. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 3. maí 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Í þessu blaði er auglýsing útboðs á breikkun gatnamóta Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Vegagerðin og Reykjavíkurborg bjóða verkið út.

Á Kringlumýrarbraut ná breytingarnar frá Listabraut í suðri til Háaleitisbrautar í norðri, á Miklubraut ná breytingarnar frá göngubrúnni á móts við Kringluna í austri að Lönguhlíð í vestri. Gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar eru breikkuð þannig að þrjár akreinar verða fyrir alla beina umferðarstrauma og tvær akreinar fyrir alla vinstri-beygjustrauma. Þá er útbúin sérakrein fyrir strætisvagna á norðurakbraut Miklubrautar frá bensínstöð austan Kringlumýrarbrautar vestur fyrir Stakkahlíð. Þá er innifalin gerð stíga og landmótun auk annarra þátta sem nauðsynlegir eru til að ljúka verkinu að fullu.

Verkið skiptist í meginatriðum í eftirfarandi hluta:

Breikkun og færsla á eystri akbraut Kringlumýrarbrautar til austurs, frá Listabraut að Háaleitisbraut. Breikkun á vesturakbraut Kringlumýrarbrautar frá Listabraut og um 200 m norður fyrir Miklabraut, þannig að hún verði 3 akreinar auk beygjureina. Sunnan Miklubrautar, er breikkunin gerð til austurs en norðan Miklubrautar er breikkunin aðallega inn í miðeyju.

Einnig verður Miklabraut breikkuð vestan Kringlumýrarbrautar inn í miðeyju á um 300 metra kafla. Þá verður norður

framhald í opnu

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 9. tbl. 13. árg. nr. 398 18. apríl 2005

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaeftir sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

framhald af forsiðu

akbraut Miklubrautar breiðuð í norður frá bensínstöð austan Kringlumýrarbrautar, vestur að núverandi biðstöð strætisvagna vestan Stakkahlíðar.

Allar umferðareyjar á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar verða endurgerðar og umferðarljós færð til. Víða þarf að færa til og/eða endurnýja niðurföll, breyta hæð á brunnum, færa til götuljósastólpa og setja upp nýja, færa til miðeyjugirðingar og setja upp nýja girðingu í miðeyju Miklubrautar milli Kringlumýrarbrautar og Háaleitisbrautar.

Gerð nýrra göngustíga og nýrra biðstöðva strætisvagna, ásamt landmótun við og í næsta nágrenni við vegi og stíga. Gerð verður ein ný gönguþverun yfir Miklubraut austan Stakkahlíðar. Núverandi gönguþverun við Stakkahlíð

Veglína Miklubrautar


verður fjarlægð. Þá þarf að hliðra til gönguþverun á mótis við Hamrahlíð vegna færslu á miðeyju og útvíkkun Kringlumýrarbrautar.

Verkið verður unnið í nokkrum skilgreindum áföngum og reynt verður að ljúka því áður en skólar hefjast næsta haust.

Beygjuljós munu nú verða fyrir allar stefnur og því verður akstur mun öruggari og þægilegri en nú er.

Akrein
eingöngu
fyrir
strætisvagna





Kringlumýrarbraut (40) - Miklabraut (49), breikkun gatnamóta

05 - 004

Vegagerðin og Reykjavíkurborg óska eftir tilboðum í verkið Kringlumýrarbraut (40) - Miklabraut (49), breikkun gatnamóta.

Helstu magnþölur eru:

| | |
|--------------------------|-----------------------|
| Skeringar í laus jarðlög | 25.000 m ³ |
| fyllingar og burðarlög | 24.000 m ³ |
| malbik | 32.000 m ² |

Verki skal að fullu lokið 29. ágúst 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 18. apríl 2005. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00, þriðjudaginn 3. maí 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaáæildar.

Rautt númer = nýtt á lista

| Fyrirhuguð útboð | Auglýst: dagur, mánuður, ár |
|--|--------------------------------|
| 05-020 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2005, norðurhluti | 05 |
| 05-019 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2005-2006, vesturhluti | 05 |
| 05-018 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2005-2006, norðurhluti | 05 |
| 05-021 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2005, norðurhluti | 05 |
| 05-017 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2005-2006, vesturhluti | 05 |
| 05-010 Yfirlagnir á Suðursvæði 2005 | 05 |
| 05-008 Festun og yfirlögn á Norðaustursvæði 2005 | 05 |
| 05-007 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2005, austurhluti | 05 |
| 05-009 Ólafsfjarðarvegur (82) á Lágheiði | 05 |
| 05-003 Reykjanesbraut (41), Laugarnesvegur-Dalbraut (færsla Sæbrautar) | 05 |
| 05-006 Yfirlagnir á Suðvestursvæði, klæðing | 05 |
| 05-002 Yfirlagnir á Suðvestursvæði, malbik | 05 |
| 04-044 Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað | 05 |
| 03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhammsvegur - Kaplakriki | 05 |
| 03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhammsvegur - Kaplakriki, eftirlit | 05 |
| 04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði | 05 |
| 04-071 Auðsholtsvegur (340), Skeiðavegur - Syðra Langholt | 05 |
| 00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur | 05 |
| 04-072 Garðskagavegur (45) um Ósaboтна | 05 |
| 04-004 Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi | 05 |

| Auglýst útboð | Auglýst: | Opnað: |
|---|----------|----------|
| 05-004 Kringlumýrarbraut (40)-Miklabraut (49), breikkun gatnamóta | 18.04.05 | 03.05.05 |
| 05-016 Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2005-2006 | 18.04.05 | 03.05.05 |
| 05-015 Sérmerkingar á Suðvestursvæði 2005 | 04.04.05 | 19.04.05 |

| Útboð á samningaborði | Auglýst: | Opnað: |
|---|----------|----------|
| 05-013 Hringvegur (1) um Eldvatnsbotna 2005 | 29.03.05 | 12.04.05 |

| Samningum lokið | Opnað: | Samíð: |
|--|----------|----------|
| 05-011 Landeyjavegur (252), Gunnarshólmi - Hólmavegur Mjöllnir vörubílstjórafélag, Selfossi | 08.03.05 | 12.04.05 |
| 05-001 Ferjuleið, Ísafjörður-Vigur-Æðey 2005-2010 Öllum tilboðum var hafnað Samið var við Sjóferðir H og K ehf. um rekstur á ferjuleiðinni | | |

Eftirlit með framkvæmdum

Námskeið á vegum Vegagerðarinnar og Tækniháskóla Íslands um eftirlit með framkvæmdum verður haldið 9.-13. maí nk. Það er öllum opið og er sérstaklega ætlað þeim er hafa eftirlit með framkvæmdum Vegagerðarinnar.

Skráning þátttakenda er á skiptiborði Vegagerðarinnar á Ísafirði, sími 522 1000. Námskeiðið kostar 70.000 kr., matur og námskeiðsgögn eru innifalin, THÍ sendir reikninga til viðkomandi að námskeiði loknu.

Niðurstöður útboða

| Hringvegur (1) um Eldvatnsbotna 2005 | | | |
|--|-----------------------|-----------------|---------------------|
| | | 05-013 | |
| Tilboð opnuð 12. apríl 2005. Gerð Hringvegur (1) austan Teygingalækjar, alls 0,6 km. | | | |
| Helstu magntölur eru: | | | |
| Fyllingar | 17.850 m ³ | | |
| Skeringar | 3.020 m ³ | | |
| Neðra burðarlag, óunnið efni | 3.080 m ³ | | |
| Efra burðarlag, unnið efni | 550 m ³ | | |
| Tvöföld klæðing | 4.380 m ² | | |
| Verki skal að fullu lokið 20. júlí 2005. | | | |
| nr. Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
| 9 Klæðning ehf., Garðabæ | 21.482.000 | 126,5 | 8.577 |
| --- Áætlaður verktakakostnaður | 16.977.210 | 100,0 | 4.072 |
| 8 Ýting ehf., Egilsstöðum | 16.500.000 | 97,2 | 3.595 |
| 7 Gunnar Einarsson og Birgir Jónsson, Vík | 15.954.080 | 94,0 | 3.049 |
| 6 Ólafur Halldórsson, Höfn | 15.412.495 | 90,8 | 2.507 |
| 5 Framrás ehf., Vík | 14.713.100 | 86,7 | 1.808 |
| 4 Ræktunarmiðstöðin sf., Hveragerði | 14.308.100 | 84,3 | 1.403 |
| 3 Mjöllnir, vörubílstjórafélag, Selfossi | 13.899.000 | 81,9 | 994 |
| 2 Eining sf., Baularási | 13.764.550 | 81,1 | 859 |
| 1 Rósaberg ehf., Höfn | 12.905.400 | 76,0 | 0 |

Á námskeiðinu verða sýnd hagnýt dæmi úr mismunandi verkum um fyrirkomulag eftirlits almennt, eftirlitsáætlanir og eftirfylgni þeirra. Þátttakendur vinna verkefni í hópum við rýni útboðsgagna, gerð eftirlitsáætlana og eftirfylgni þeirra. Einnig verður þeim kennt að nýta sér rafrænt framkvæmdakerfi Vegagerðarinnar og fer sú kennsla fram í tölvuveri.

Í verkefnavinnu verður unnið með útboðsgögn og verklýsingar um „Snæfellsnesveg um Kolgrafarfjörð“. Þátttakendur fá í hendur gögn um það verk s.s. verklýsingar, teikningar o.fl., kennarar taka raunhæf dæmi úr því verki og byggja verkefnavinnuna á því.

Áhersluþættir í umfjöllun um einstaka verkþætti verða m.a: Efra burðarlag (þjöppun), klæðing, malbik, steipt mannvirki (yfirbygging brúar), undirstöður (hreinsun á klöpp), sprengingar (öryggisreglur), vinnustaðamerkingar. Tekið verður mið af almennum verklýsingum Vegagerðarinnar Alverk '95 og fjallað um einstaka kafla eftir því sem tilefni er til. Við gerð eftirlitsáætlana verður stuðst við ýmis rit Vegagerðarinnar s.s. Alverk '95, Umsjón framkvæmda og Leiðbeiningar um framkvæmdakerfi Vegagerðarinnar.

Umsjón: Ingunn Sæmundsdóttir verkfræðingur dósent THÍ og Oddur Sigurðsson verkfræðingur GeoTek stundakennari THÍ.

Áðrir kennarar: Gísli H. Guðmundsson verkfræðingur Ístaki, Kolbeinn Kolbeinsson verkfræðingur Ístaki, Björn Ólafsson verkfræðingur Vegagerðinni, Sigurþór Guðmundsson tæknifræðingur Vegagerðinni, Rögnvaldur Gunnarsson tæknifræðingur Vegagerðinni, Jóhann Ingi Gunnarsson sálfræðingur.

Þátttakendur: Eftirlits- og umsjónarmenn, hámarksfjöldi 20.

Tími: 9.-13. maí 2005 skv. dagskrá.

Staður: Húsnaði THÍ við Höfðabakka 9 (kennslustofa 329 og tölvustofa 339).

Veitingar: Matur verður í mötuneyti THÍ, kl. 12:00 – 12:40, kaffi í 15 mín. fyrir og eftir hádegi á gangi við kennslustofu.